

**Starfsreglur um meðferð mála og aðgerðir er varða einelti, kynferðislega áreitni,
kynbundna áreitni og ofbeldi, innan þjóðkirkjunnar**
nr. 52/2022-2023, sbr. starfsr. nr. [32/2025-2026](#) og starfsr. nr. [34/2025-2026](#)

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Markmið.

Markmið starfsreglna þessara er að tryggja að fagleg úrræði séu til staðar ef upp koma atvik er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi innan þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Gildissvið.

Starfsreglur þessar ná til vígðra þjóna íslensku þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna í launuðum sem ólaunuðum störfum innan sókna og stofnana þjóðkirkjunnar auk kjörinna fulltrúa og þeirra er valin hafa verið til trúnaðarstarfa, hvort sem starf þeirra fer fram í húsnæði þjóðkirkjunnar eða annars staðar. Jafnframt gilda þær um öll störf sem tengjast starfsemi og verkefnum þjóðkirkjunnar svo sem á ráðstefnum, námskeiðum, ferðalögum og öðrum samkomum. Starfsemi utanaðkomandi aðila í húsnæði þjóðkirkjunnar fellur ekki undir starfsreglur þessar.

Starfsreglur þessar gilda um meðferð mála og aðgerðir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi, sem á sér stað í starfsemi þjóðkirkjunnar.

Starfsreglur þessar gilda einnig um meðferð mála og aðgerðir er varða siðferðislega ámælisverða háttsemi sem brýtur í bága við siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, eins og þær eru samþykktar af kirkjupingi hverju sinni.

3. gr.

Aðild.

Hverjum þeim sem telur starfsmann þjóðkirkjunnar hafa sýnt sér hegðun sem samræmist ofangreindu, þ.e. einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi, getur leitað til mannauðsstjóra Þjóðkirkjunnar, sem leitar leiða til að vinna málið innan kirkjunnar og metur hvort mögulegt sé að leita sátta. Mannauðsstjóri metur síðan hvort og hvenær sé viðeigandi að vísa málinu til umfjöllunar hjá aðgerðateymi.

Varði umkvörtunin yfirmenn stofnana þjóðkirkjunnar er málshenjanda þó heimilt að leita beint til aðgerðateymis, sem upplýsir mannauðsstjóra um að kvörtun hafi borist.

Hverjum þeim sem starfar fyrir þjóðkirkjuna og öðlast vitneskju um ætlað kynferðisbrot eða annað ofbeldi gegn barni er skylt samkvæmt lögum að beina slíku til barnaverndaryfirvalda og/eða lögreglu.

4. gr.

Orðskýringar.

Í starfsreglum þessum er merking eftirfarandi orða sem hér segir, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerð velferðarráðuneytisins nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum:

a. Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

b. Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

c. Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

d. Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis.

Þá er í starfsreglum þessum og verklagsreglum byggðum á þeim, merking eftirfarandi orða sem hér segir:

Tilkynnandi: Sá sem telur sig hafa orðið vitni að eða hefur upplýsingar um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða eða refsiverða háttsemi og tilkynnir háttsemina til aðgerðateymisins.

Polandi: Sá sem telur sig hafa orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi, ámælisverðri eða refsiverðri háttsemi.

Gerandi: Sá sem kvörtun um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða eða refsiverða háttsemi beinist að.

Starfsmaður: Einstaklingar sem koma að starfsemi þjóðkirkjunnar á einn eða annan hátt, hvort sem þeir eru eða hafa verið í beinu ráðningarsambandi við þjóðkirkjuna, s.s. prestar, starfsfólk sókna eða þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar eða starfa eða hafa starfað fyrir þjóðkirkjuna í ólaunuðum störfum eða verkefnum.

Aðili máls: Einstaklingur sem talið er að hafi beitt ofbeldi og/eða einstaklingur sem talið er að hafi orðið fyrir broti.

Starfsemi þjóðkirkjunnar: Allt starf sem eðli máls og venju samkvæmt er unnið af starfsmönnum þjóðkirkjunnar til að þjónusta, fræða eða sinna á annan hátt, þeim sem þiggja þjónustu frá þjóðkirkjunni, hvar sem sú þjónusta er veitt. Starfsemi þriðja aðila í húsnæði þjóðkirkjunnar fellur ekki hér undir.

Vinnustaður: Umhverfi innanhúss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna, sbr. 41. gr. laga nr. 46/1980.

Aðgerðateymið: Aðgerðateymi þjóðkirkjunnar sem skipað er skv. starfsreglum þessum.

Áreitni: Hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Eitt tilvik getur talist áreitni.

Háttsemi: Hegðun (athæfi, framferði, framkoma, breytni) einstaklings gagnvart öðrum aðila.

Ámælisverð háttsemi: Óviðunandi, óviðeigandi, ósiðleg eða ólögleg hegðun (athæfi, framferði, framkoma, breytni) einstaklings gagnvart öðrum aðila.

Refsiverð háttsemi: Hver sú háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem refsing liggur við samkvæmt þeim refsheimildum sem gildandi eru taldar á hverjum tíma.

Blygðunarsemi: Kynferðisleg siðferðistilfinning einstaklings.

Kynferðisbrot: Samheiti hegningarlaga brota sem á einhvern hátt varða kynfrelsi manna, sbr. ákvæði XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot gegn barni: Samheiti lagabrota sem á einhvern hátt varða réttindi barna, sbr. ákvæði XVIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Um merkingu annarra orðskýringa en tilgreindar eru í a–o liðum 2. mgr. fer, eftir því sem við á, samkvæmt lögum og reglugerðum.

II. KAFLI

Skipan aðgerðateymisins og hæfi fulltrúa aðgerðateymisins.

5. gr.

Skipan aðgerðateymis þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing skipar þrjá fulltrúa í aðgerðateymi þjóðkirkjunnar og þrjá til vara. Hyggist kirkjuþing skipa nýjan fulltrúa í aðgerðateymið skal það gert með sex mánaða fyrirvara.

Í aðgerðateyminu skulu hvorki vera vígðir þjónar kirkjunnar né sérþjónustuprestar, sem ráðnir hafa verið á vegum stofnana eða félagasamtaka, né að öðru leyti fastráðnir starfsmenn kirkjunnar eða þeir sem sinna öðrum trúnaðarstörfum fyrir kirkjuna.

Þeir sem skipaðir eru í aðgerðateymi þjóðkirkjunnar skulu vera sérfróðir um þau mál er falla undir starfsreglur þessar og skal a.m.k. einn þeirra vera löglærður. Skal sá vera formaður aðgerðateymisins.

Við skipun í aðgerðateymið skal gætt að ákvæðum 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

6. gr.

Hæfi fulltrúa aðgerðateymisins.

Hver sá sem situr í aðgerðateymi þjóðkirkjunnar má ekki eiga neina aðkomu að máli sem varðar hann persónulega eða ef aðstæður eru fyrir hendi sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir eða eðli málsins er með þeim hætti að hvorki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á afgreiðslu málsins. Það leiðir ekki til vanhæfis til afgreiðslu máls þegar mál varðar almenna þjóðkirkjulega hagsmuni þegar þeir sem skráðir eru í þjóðkirkjuna verða taldir eiga svipaðra hagsmuna að gæta.

Fulltrúar aðgerðateymis skulu án tafar vekja athygli á ástæðum sem kunna að valda vanhæfi þeirra og sker formaður aðgerðateymisins úr. Leiki vafi á hæfi formanns aðgerðateymis skulu aðrir fulltrúar aðgerðateymisins í sameiningu, skera úr um það.

III. KAFLI

Hlutverk aðgerðateymis þjóðkirkjunnar og málsmeðferð.

7. gr.

Hlutverk aðgerðateymisins.

Hlutverk aðgerðateymisins er að taka við tilkynningum er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og/eða refsiverða háttsemi í starfsemi þjóðkirkjunnar, kanna þær ávirðingar sem þar koma fram og grípa til þeirra aðgerða sem starfsreglur þessar og lög mæla fyrir um.

Eftir því sem við á skal aðgerðateymið grípa til aðgerða og ljúka meðferð máls sem hefur verið tilkynnt til þess með eftirfarandi hætti:

Með bréfi þar sem könnun máls er lokið eftir forkönnun, að beiðni þolanda eða óformlega meðferð máls.

Með gerð álits, eftir formlega meðferð máls, þar sem lagt er mat á atvik máls og háttsemi, og komið með tillögu að aðgerðum.

Með því að leiðbeina málsaðila um lagaleg úrræði og/eða aðstoða við að leita til fagaðila.

Með því að leiðbeina málsaðila um lagaleg úrræði og/eða veita sálgæslu og/eða aðstoða við að leita til fagaðila.

Taka til umfjöllunar mál sem úrskurðanefnd þjóðkirkjunnar eða biskup Íslands kunna að vísa til aðgerðateymisins og veita þeim þá ráðgjöf í slíkum málum.

Vera biskupi til ráðgjafar um öll mál er kunna að varða háttsemi sem fellur undir starfsreglur þessar.

Veita biskupi árlega upplýsingar um starf aðgerðateymisins og koma með ábendingar ef aðgerðateymið telur að breyta þurfi starfsreglum þessum eða stefnu þjóðkirkjunnar.

Tilkynningar er varða ágreining skal reynt að leysa á einfaldan hátt og skal vísað til prófasta, eða mannauðsstjóra þjóðkirkjunnar sem getur vísað málum í sáttameðferð ef við á. Teymið skal því vísa málum sem ekki falla að þeim ramma er því er sett til mannauðssviðs.

8. gr.

Málsmeðferð.

Aðgerðateymið skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.

Berist aðgerðateyminu skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, skal það í samráði við sendanda, framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.

Óheimilt er að mismuna málsaðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.

Við könnun ávirðinga og meðferð máls skal aðgerðateymið gæta nærfærni og huga eftir föngum að einkalífi málsaðila og persónuvernd. Aðgerðateymið skal virða óskir þolenda um að hætta könnun máls enda standi lög því ekki í vegi.

Aðgerðateymið skal eins og við verður komið sjá til þess að mál sem hefur verið tilkynnt til þess sé nægjanlega upplýst áður en meðferð þess er lokið.

Við úrlausn mála skal aðgerðateymið gæta hlutleysis, samræmis og jafnræðis eftir því sem við á.

Aðgerðateymið skal tilkynna biskupi um móttöku tilkynningar án tafar sem og um afdrif máls þegar málsmeðferð lýkur. Þá skal aðgerðateymið veita biskupi upplýsingar um framvindu málsins ef eftir því er óskað. Aðgerðateymið skal meta hvort nauðsynlegt sé að gæta nafnleyndar málsaðila, vitna og annarra er koma að málum í gögnum sem það deilir.

Um störf aðgerðateymisins og meðferð mála fer að öðru leyti eftir verklagsreglum sem aðgerðateymið skal setja í samráði við biskup og tekur mið af stjórnsýslulögum og lögum um meðferð einkamála og sakamála eftir því sem við á.

Málsmeðferðartíma nefndarinnar skal hraðað sem kostur er.

Dragist málsmeðferð úr hófi, vari lengur en í 3 mánuði, ber teyminu að gera mannauðsstjóra kirkjunnar viðvart, sem ásamt formanni teymisins leggur mat á hvernig hraða megi afgreiðslu málsins.

9. gr.

Fræðsla og forvarnir.

Biskupsstofa skal annast leiðbeiningar og fræðslu til starfsfólks þjóðkirkjunnar um stefnu þjóðkirkjunnar, verklag og verkferla í málum þeim sem heyra undir starfsreglur þessar.

Aðgerðateymi skal vera biskupsstofu til ráðgjafar og aðstoðar um fræðslu og forvarnir sem heyra undir starfsreglur þessar.

IV. KAFLI

Aðstoð fagaðila.

10. gr.

Aðstoð fagaðila.

Aðgerðateyminu er heimilt að leita aðstoðar hjá fagaðila ef nauðsyn krefur. Hann starfar í umboði og á ábyrgð aðgerðateymisins og upplýsir það um starf sitt með viðkomandi

málsaðila. Fagaðilinn skal hafa menntun og reynslu af vinnu við mál er falla undir starfsreglur þessar.

Gegni fagaðilar rannsóknarhlutverki, skal tryggt að þeir séu óháðir málsaðilum. Reynt skal að tryggja að báðir aðilar séu sáttir við þá aðila sem fengnir eru að rannsókn máls.

V. KAFLI

Trúnaðarskyldur, aðgangur að gögnum aðgerðateymis og varðveisla gagna.

11. gr.

Trúnaðarskyldur.

Mæli lög ekki á annan veg er fulltrúum í aðgerðateyminu og öðrum þeim sem að málunum koma skylt að gæta þagmælsku um einstök mál og er óheimilt að veita óviðkomandi aðilum upplýsingar um þau. Fara skal með öll gögn og upplýsingar sem tengjast einstökum málum í samræmi við gildandi ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Fulltrúum í aðgerðateyminu ber að halda trúnað eftir að þeir láta af störfum.

12. gr.

Aðgangur að gögnum.

Um aðgang að upplýsingum um einstök mál, fer að gildandi lögum á hverjum tíma. Aðgerðateymið getur óskað eftir gögnum frá starfseiningum þjóðkirkjunnar, er varða mál sem það hefur til meðferðar.

13. gr.

Varðveisla gagna.

Aðgerðateymið geymir vinnuskjöl máls í tvö ár frá því að meðferð máls lýkur hjá aðgerðateyminu, á grundvelli skriflegs samþykkis aðila máls. Veiti aðilar ekki samþykki fyrir slíkri gagnageymslu er gögnunum eytt að undanskilinni niðurstöðu máls sem fram kemur í bréfi eða áliti aðgerðateymisins sem annars vegar er afhent aðilum máls og hins vegar biskupsstofu f.h. þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar.

Aðgerðateymið og þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar gera með sér vinnslusamning m.v.t. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þar sem m.a. er kveðið á um skil og eyðingu gagna þegar fulltrúar aðgerðateymis láta af störfum.

VI. KAFLI

Þóknun og kostnaður vegna aðgerðateymisins.

14. gr.

Þóknun aðgerðateymis.

Um þóknun aðgerðateymis þjóðkirkjunnar, fyrir störf sín og annan kostnað vegna starfa aðgerðateymisins fer samkvæmt ákvörðun kjaranefndar Þjóðkirkjunnar.

VII. KAFLI

Gildistaka.

15. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna, nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla úr gildi starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019, með síðari breytingu.

Gildistaka 24. nóvember 2023.